



## Fyrirmyndarhérað ÍSÍ - tengiliður

Eitt af atriðum á gátlista Fyrirmyndarhéraða ÍSÍ er að íþróttahéraðið útnefni tengilið úr stjórn eða meðal starfsfólks við verkefni ÍSÍ um Fyrirmyndarfélög og – héruð.

Tengiliðurinn hefur ákveðnu hlutverki að gegna og er það nánar skilgreint hér að neðan.

1. Tengiliðurinn er í reglulegum samskiptum við ÍSÍ varðandi ákvæði á gátlista Fyrirmyndarhéraða og sér til þess að þeim sé fylgt í starfi íþróttahéraðsins.
2. Tengiliðurinn sér til þess að handbók og fylgigögn er lúta að viðurkenningu íþróttahéraðsins sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ séu í reglulegri endurskoðun/uppfærslu í takt við ákvarðanir í starfsemi héraðsins og/eða breytingar á gátlista ÍSÍ um Fyrirmyndarhéruð.
3. Tengiliðurinn sér til þess að fáni Fyrirmyndarhéraðsins og „gardína“ sé í notkun þegar það á við í starfsemi íþróttahéraðsins. Að sama skapi sér hann um að merki Fyrirmyndarhéraða sé notað á bréfsefni, auglýsingar, gögn á ársþingum og formannafundum og annað er lýtur að starfsemi íþróttahéraðsins.
4. Tengiliðurinn hvetur reglulega aðildarfélög íþróttahéraðsins til að sækja um viðurkenningu til ÍSÍ sem Fyrirmyndarfélög og jafnframt aðstoðar þau í þeim efnum eins og þekking hans nær til.